


## Framkvæmd



1. Framkvæmdarstjórar heilbrigðiseftirlits sveitarfélagana (HES) bera ábyrgð á gerð eftirlits- og sýnatökuáætlunar vegna matvælaeftirlits sveitarfélagana. Fyrir 1. desember ár hvert skulu opinberir eftirlitsaðilar gera áætlunir fyrir komandi ár og senda til MAST.

2. Í byrjun nóvember ár hvert sendir fagsviðstjóri áhættugreiningar eyðublað [EBL-052](#) til HES til útfyllingar vegna eftirlits- og sýnatökuáætlunar fyrir komandi ár. Áður en EBL-052 er sent út þarf að skrifa **rétt ártal á öll skjölin í eyðublaðinu**. Skjalið er læst, aðeins reitir til útfyllingar eru skyggðir og opnir, lykilorð er að finna á S:\Eftirlit\Heilbrigðiseftirlit HES\HES eftirlitsáætlunir. Skiladagur framkvæmastjóra HES á eftirlitsáætlunum er **1. desember**.

Fagsviðsstjóri áhættugreiningar stofnar mál í málakerfi „Eftirlitsáætlun HES fyrir matvælaeftirlit [ártal]“. Málalykill 8.7.1 Eftirlits- og sýnatökuáætlun. SKRA-057

3. Fagsviðstjóri áhættugreiningar tekur á móti eftirlits- og sýnatökuáætlun frá HES (útfyllt EBL-052). Svör HES eru vistuð í málakerfi undir málinu (t-póstur). Fagsviðstjóri áhættugreiningar annast samantekt, vistun gagna og frágang sbr. lið 4 og 5.

4. Excel skjöl úr EBL-052 eru notuð til úrvinnslu áætlana.

Á S:\Eftirlit\Heilbrigðiseftirlit HES\HES eftirlitsáætlunir/ eru samantektarskjölin vistuð. Í samantektarskjölunum er vinnublað/flipi fyrir hvert HES svæði, sem er hægt að afrita úr EBL-052 sem HES sendir til MAST beint inn í samantektar-skjölun.

Skjölin eru útfærð þannig að það birtist samtala úr útfylltum dálkum í vinnublaðinu „samantekt **eftirlits-/sýnatöku-/neysluvatn-** áætlun“. Einnig er að finna vinnublað í hverju samantektar-excel skjali sem kallast „samanburður milli ára“ eða „samanburður milli svæða“ og tillögur að gröfum vegna áætlunar HES.

5. Skýrsla er skrifuð og byggð á skýrslum fyrri ára undir málalykli/bréfalykli 8.7.1 Eftirlits- og sýnatökuáætlun - Skýrslur.

Umsagnaraðilar skýrslu eru:

- Ábyrgðarmaður neysluvatnseftirlits
- Forstöðumaður matvæla- og öryggissviðs
- Gæðastjóri

Eftir að umsagnaraðilar MAST hafa skilað umsögn er skýrslan send til HES til umsagnar. Eðlilegur tími umsagnaraðila eru 14 dagar. Unnið er úr athugasemdum og skýrslan er síðan birt á heimasíðu MAST.